

Helgasonar. Dætur þeirra: Ingi-
björg Ebba, stúdent, átti Grím
Ásmundsson bónda á Apavatni
í Grímsnesi, Ragnhildur Jóna
átti Kristján Kristjánsson kjöt-
iðnaðarmann í Rvík, Unnur, dó
ógift (1966), Helga átti Sigurð
Björnsson trésmiðameistara í
Rvík. (Prentaratal; o. fl.).

Magnús Kjaran (19. apríl
1890—17. apríl 1962). Stórkaup-
maður. Foreldrar: Tómas Ey-
vindsson í Rvík og kona hans
Sigríður Pálsdóttir hreppstjóra
á Selalæk, Guðmundssonar.
Verklegt nám í verzlunarstörf-
um í fjögur ár. Nám í Verzlun-
arskóla Íslands. Meðeigandi
verzl. Liverpool í Rvík 1918,
einkaeigandi 1925—30. Stór-
kaupmaður í Rvík 1930 til ævi-
loka. Framkvæmdastjóri Al-
þingishátíðarinnar 1930. Í stjórn
Félags ísl. stórkaupmanna og
Rauðakross Íslands. Bæjarfull-
trúi 1928—30. Framkv.stjóri
Sambands bakarameistara Rvík-
ur og Innflytjendasambandsins.
Sænskur vicekonsull. R.F. 1930.
R.Dbr. R.Fi. Hv.Rós. I og S.V.I.
Officier d'Academie. Starfaði
mikið fyrir málefni ungmenna-
félaga framan af árum. Kunnur
glímu- og skautamaður. Bóka-
maður og víðlesinn. Ritaði nokk-
uð um áhugamál sín. Stofnaði
bókaútgáfufyrirtækið Bókfells-
útgáfan 1947. Kona (25. sept.
1915): Soffía (f. 23. des. 1892,
d. 28. des. 1968) Franzdóttir
sýslumanns Ziemsen. Börn
þeirra: Birgir framkvæmda-
stjóri og alþingismaður, Þórunn,

látin, átti Pétur framkvæmda-
stjóra Ólafsson, Sigríður átti
Sigurjón lögreglustjóra Sigurðs-
son, Eypór verzlunarmaður R-
vík. (Br.T.; Tíminn 26. apríl
1962; o. fl.).

Magnús Magnússon (um 1768
—18. apríl 1852). Hreppstjóri.
Foreldrar: Magnús Bergsson á
Einfætingsgili í Bitrufirði og
kona hans Solveig Þórðardóttir
á Brunngili, Ólafssonar. Bjó á
Þórustöðum í Bitrufirði í nokk-
ur ár, til 1807. Síðan bóndi í
Tjaldanesi til 1838. Gerðist
svo próventumaður í Ólafsdal
og dó þar. Trésmiður og vefari.
Hreppstjóri í Saurbæ langa tíð.
Kemur við sögu Ballarárfeðga,
síra Eggerts Jónssonar og Frið-
riks Eggerz (Dalgeirsstaðamál).
Kona 1: Guðrún (f. um 1769,
d. fyrir 1807) Jónsd. frá Ljúfu-
stöðum í Kollafirði, Ögmunds-
sonar. Kona 2: Þóra (d. 7. febr.
1843, 82 ára) Jónsdóttir á
Hnúki, Arasonar. Bæði hjóna-
bönd barnlaus. Dætur Magnúsar
utan hjónabands með Ragnhildi
Sumarliðadóttur, síðar hús-
freyju í Ólafsdal: Karitas fyrri
kona Guðmundar Magnússonar
í Belgsdal, Elín átti Jóhannes
Jónsson í Ögursveit. Enn átti
Magnús laundóttur (móðirin
ókunn): Sigríði, er átti fyrir
Þorvarð Sumarliðason í Flatey
og síðar Guðmund í Fremri-
Gufudal og víðar Guðmundsson
(í Álfatröðum í Dalasýslu.
Marteinssonar). Sonur Magnús-
ar eftir að hann missti konu sína,
með Sigríði Guðmundsdóttur frá